

Skrifstofa stefnumála  
Forsætisráðuneytið  
Lækjargata  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2023  
E-2023-133/00.11

## Efni: Umsögn um drög að grænbók um sjálfbært Ísland

Vísað er til máls nr. 82/2023 sem auglýst er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda og fjallar um drög að grænbók um sjálfbært Ísland. Landsvirkjun hefur kynnt sér þau drög sem um ræðir og þykir þau bæði yfirgripsmikil og ná ágætlega utan um efnið. Fyrirtækið fagnar þessari góðu vinnu og því viðtæka samráði sem þar er lýst. Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Landsvirkjun fagnar sérstaklega umræðu um loftslagsmál í umræddum drögum en baráttan við loftslagsbreytingar er ein af helstu áskorunum okkar tíma. Landsvirkjun hefur miklar væntingar um að loftslagsaðgerðir fái áberandi sess í boðaðri stefnu stjórnvalda um sjálfbært Ísland en slík áhersla er eðli málsins samkvæmt áberandi í sambærilegum stefnum annarra landa.

Stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið um 55% samdrátt í losun til 2030, kolefnishlutleysi og full orkuskipti fyrir árið 2040 og að verða fyrst allra ríkja til að verða óháð jarðefnaeldsneyti. Loftslagsmál eru alþjóðleg og hornsteinn loftslagsaðgerða um allan heim er aukinn hlutur endurnýjanlegra orkugjafa. Landsvirkjun ber miklar væntingar til þess að boðuð stefnumörkun stjórnvalda muni fela í sér raunverulegar loftslagsaðgerðir og fjalla á uppbyggilegan hátt um þennan þátt, þ.e. þörfina á aukinni öflun grænnar orku á Íslandi.

Líkt og áður segir þá verður ekki ráðist á rót hnattrænna loftslagsbreytinga án aukinnar grænnar orkuöflunar og umræða um að færa núverandi græna orku úr einum notum í önnur er ekki til þess fallin að ráðast á rót vandans. Sem dæmi þá skilar það engum hnattrænum loftslagsávinningi að færa innlenda orkusækna starfsemi til annarra landa í þeim tilgangi að fría núverandi græna orku í önnur innanlandsnot. Slíkt myndi þess utan valda Íslendingum efnahagslegum og samfélagslegum skaða og væri slík aðgerð því ekki í anda hugmyndafræði um sjálfbærni.

Eitt allra stærsta verkefni okkar Íslendinga í átt að aukinni sjálfbærni er að skipta notkun okkar á jarðefnaeldsneyti út fyrir notkun nýrrar grænnar orku. Hér mun einna mest mæða á ferðaþjónustunni, sjávarútveginum og almennum landsamgöngum. Með réttum áherslum og hvötum mun árangur nást en þar þurfa stjórnvöld að vera í forystu og leggja þarf fram tímasettar áætlanir. Í þessu tilliti bíður Landsvirkjun spennt eftir uppfærðri aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum og ekki síður niðurstöðum vinnu að loftslagsvegvísun atvinnulífsins sem munu innihalda atvinnugreinaskipta vegvísa með mælanlegum markmiðum.

Landsvirkjun telur mikilvægt að sem breiðust samfélagsleg sátt ríki um raforkuvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið fagnar umræðu um aukna áherslu á upplýsingamiðlun og fræðslu þar sem áhersla er lögð á mikilvægi orkuskipta og hvað felst í því að ná árangri í þeim málum. Landsvirkjun fagnar sérstaklega umræðu í grænbókardrögunum um eflingu tölfræðiupplýsinga og að setja ætti orkutölfræði fram samhliða loftslagsupplýsingum. Eins er það fagnaðarefni að stjórnvöld ætli að leggja áherslu á að upplýsingar um loftslagsmál, losunartölur og spár um þróun losunar, bindingar og orkuþarfar vegna orkuskipta séu skýrt fram settar. Loftslagsmál eru orkumál og skýr sýn stjórnvalda á orkuþörfina er



til þess fallin að einfalda umræðuna, draga úr upplýsingaóreiðu, auka sátt um verkefnið og hámarka líkur á árangri.

Þá er einnig fagnaðarefni að í grænbókardrögunum megi sjá umræðu um einföldun regluverks með hliðsjón af markmiðum Íslands í loftslagsmálum. Mikilvægt er að þjóðir heims bregðist hratt við til að vinna gegn ástandinu sem nú blasir við. Hvað varðar þörf á aukinni öflun grænnar orku þá hefur Landsvirkjun miklar væntingar til þess að boðuð heildarendurskoðun rammaáætlunar og áframhaldandi vinna að skýru lagaumhverfi vindorku muni leggja áherslu á skilvirkni leyfisveitingarferlisins. Hér skal nefna að um þessar mundir vinnur Evrópusambandið að einmitt þessu marki, þ.e. að einfalda regluverk og leyfisveitingaferli orkuuppbyggingar.

Varðandi umræðu í grænbókardrögunum um sambúð orkuvinnslu og ferðaþjónustu þá vill Landsvirkjun nefna að erlendir ferðamenn eru afar áhugasamir og jákvæðir gagnvart því hvernig Íslendingar beisla endurnýjanlega orku til eigin þarfa og verðmætasköpunar. Þessu til staðfestingar bendir Landsvirkjun á skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi fyrir fyrirtækið árið 2022 þar sem svarendur voru erlendir ferðamenn sem áttu leið um Keflavíkurlugvöll það sumar og haust. Könnunin leiddi m.a. í ljós að einungis innan við 1% erlendra ferðamanna sögðu að orkuvinnsla úr endurnýjanlegum orkugjöfum hefði haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra af náttúru Íslands og einnig að einungis innan við 1% erlendra ferðamanna sögðust myndu vera ólíklegri til að heimsækja Ísland aftur ef innlend orkuvinnsla úr endurnýjanlegum orkugjöfum yrði aukin. Orkuvinnsla og ferðaþjónusta eru þannig langt í frá andstæður og getur þessi ólíka og mikilvæga starfsemi hér eftir sem hingað til stutt við hvora aðra og lífað góðu lífi saman.

Að lokum, í heildarsamhengi þessarar vinnu sem hér er til umsagnar, vill Landsvirkjun nefna að Evrópusambandið hefur sett stefnuna á að Evrópa verði kolefnishlutlaus árið 2050. Til að stýra álfunni í þá átt hefur Evrópusambandið þróað og sett ýmis lög, reglugerðir og staðla sem hafa þegar eða verða bráðlega innleiddir á Íslandi. Hér má nefna lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Þessu regluverki er ætlað að stýra fjármagni í grænar fjárfestingar og þann rekstur sem mun færa Evrópu og Ísland nær loftslagsmarkmiðum sínum.

Virðingarfyllst,

**Kristín Linda Árnadóttir**  
Aðstoðarforstjóri

**Þórólfur Nielsen**  
Forstöðumaður stefnumótunar  
og sjálfbærni